

Lög

um breytingu á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (fjármögnun skilasjóðs, iðgjöld og fyrirkomulag Tryggingarsjóðs vegna fjármálafyrirtækja).

I. KAFLI

Breyting á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020.

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna kemur ný grein, 2. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Lögfesting.

Ákvæði framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/63 frá 21. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar framlög greidd fyrirfram til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar, með breytingu samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1434 frá 14. desember 2015 um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/63 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar framlög greidd fyrirfram til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar, skulu hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2019 frá 27. september 2019, sbr. einnig bókun 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest.

Reglugerð (ESB) 2015/63 er birt á bls. 49–69 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 8 frá 10. febrúar 2022. Reglugerð (ESB) 2016/1434 er birt á bls. 13–15 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 8 frá 10. febrúar 2022.

2. gr.

Í stað orðanna „innstæðueigenda og fjárfesta“ í 4. mgr. 8. gr., 5. tölul. 3. mgr. 17. gr., 1. tölul. 2. mgr. 32. gr., 10. tölul. 1. mgr. 56. gr., 5. mgr. 57. gr., 3. tölul. 4. mgr. 70. gr., 80. gr. og a-lið 1. tölul. 1. mgr. 85. gr. a laganna kemur: vegna fjármálafyrirtækja.

3. gr.

Orðin „umfram þá“ í 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 82. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „innstæðueigenda og fjárfesta greiða skilavaldinu“ í 1. mgr. kemur: vegna fjármálafyrirtækja greiða skilavaldinu úr innstæðudeild sjóðsins.
- b. Í stað orðanna „innstæðueigenda og fjárfesta“ í 2., 3., 4., 5. og 8. mgr. kemur: vegna fjármálafyrirtækja.
- c. Í stað tilvísunarinnar „14. mgr.“ í 5. mgr. kemur: 1. mgr.
- d. Í stað orðanna „Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta“ í 6. mgr. kemur: innstæðudeildar Tryggingarsjóðs vegna fjármálafyrirtækja.
- e. Í stað orðanna „innstæðueigenda og fjárfesta ekki krafinn um eiginfjárframlag“ í 7. mgr. kemur: vegna fjármálafyrirtækja ekki krafinn um eiginfjárframlag úr innstæðudeild sjóðsins.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 86. gr. laganna:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Starfrækja skal sérstakt fjármögnunarfyrirkomulag sem nefnist skilasjóður.
- b. Á eftir 1. másl. 1. mgr. kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Sjóðurinn skal varðveittur sem afmörkuð deild í Tryggingarsjóði vegna fjármálafyrirtækja.
- c. Við 2. mgr. bætist: allra lánastofnana sem hafa starfsleyfi hér á landi.
- d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Stjórn Tryggingarsjóðs vegna fjármálafyrirtækja fer með umsýslu skilasjóðs.

6. gr.

Á eftir 87. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 87. gr. a – 87. gr. c, ásamt fyrisögnum, svohljóðandi:

- a. (87. gr. a.)

Framlag í skilasjóð.

Fyrirtæki ber að greiða framlag í skilasjóð ef stærð sjóðsins fer undir viðmiðunarmark skv.

2. mgr. 86. gr.

Skilavaldið ákvarðar framlag í skilasjóð.

Framlag fyrirtækis skal ákvarðað árlega og skal það vera hlutfall af fjárhæð heildarskuldbindinga fyrirtækisins að frádregnum tryggðum innstæðum og eiginfjárgrunni skv. 1. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Framlagið ber að ákvarða með tilliti til áhættusniðs fyrir sérhvert fyrirtæki í samræmi við reglugerðir (ESB) 2015/63 og (ESB) 2016/1434 sem hafa lagagildi hér á landi, sbr. 2. gr. a.

Prátt fyrir 3. mgr. skal fyrirtæki greiða fast framlag í skilasjóð skv. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/63 ef heildareignir þess eru minni en jafnvirði eins milljarðs evra í íslenskum krónum og heildarskuldbindingar að frádregnum eiginfjárgrunni og tryggðum innstæðum eru jafnar eða lægri en jafnvirði 300 milljóna evra í íslenskum krónum.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig, ef við á, um útibú skv. e-lið 1. mgr. 2. gr.

b. (87. gr. b.)

Sérstakt eftiráframlag.

Ef fjármunir skilaskjódss eru ekki nægjanlegir til að mæta tapi, kostnaði eða öðrum útgjöldum skilaskjódss skv. 1. mgr. 87. gr. er skilavaldinu heimilt að krefja fyrirtæki og útibú skv. e-lið 1. mgr. 2. gr. um sérstakt eftiráframlag.

Sérstaks eftiráframlags skal aflað í samræmi við 87. gr. a og getur það numið allt að þreföldu árlegu framlagi eins og það er ákvarðað samkvæmt þeirri grein.

Skilavaldið getur ákveðið að sérstöku eftiráframlagi verði frestað að hluta eða í heild í allt að sex mánuði ef framlagið getur haft verulega neikvæð áhrif á lausafjárstöðu eða gjaldfærni fyrirtækis. Heimilt er að framlengja tímabil frestunar að beiðni fyrirtækis. Fyrirtæki skal greiða frestað framlag þegar greiðsla þess stofnar ekki lengur lausafjárstöðu eða gjaldfærni fyrirtækisins í hættu.

Ráðherra setur reglugerð sem tilgreinir aðstæður og skilyrði til frestunar sérstaks eftiráframlags skv. 3. mgr.

c. (87. gr. c.)

Lántaka og önnur fjármögnun skilaskjóðs.

Skilavaldinu er heimilt að ákveða að skilaskjóður taki lán eða afli fjár með öðrum hætti ef þeir fjármunir sem eru til ráðstöfunar í sjóðnum og fjármunir sem hægt er að afla í hann með sérstöku eftiráframlagi skv. 87. gr. b duga ekki til að mæta tapi, kostnaði eða öðrum útgjöldum sjóðsins skv. 1. mgr. 87. gr.

Skilavaldinu er heimilt, að undangengnu samþykki ráðherra, að ákveða að skilaskjóður taki lán hjá hliðstæðu fjármögnunarfyrirkomulagi, einu eða fleiri, í öðru aðildarríki ef fjármunir skv. 1. mgr. duga ekki til að mæta tapi, kostnaði eða öðrum útgjöldum sjóðsins. Við sömu aðstæður er skilaskjóði heimilt, að undangengnu samþykki ráðherra, að lána hliðstæðu fjármögnunarfyrirkomulagi í öðru aðildarríki.

7. gr.

Við 1. mgr. 94. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/63, með breytingu skv. 2. gr. a, um upplýsingaskyldu vegna greiðslu framlaga í skilaskjóð.

8. gr.

Í stað tilvísunarinnar „5.–9. gr., 19.–30. gr. og 103.–106. gr.“ í 1. tölul. 102. gr. laganna kemur: 5.–9. gr. og 19.–30. gr.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum orðast svo:

Stjórn Tryggingarsjóðs vegna fjármálafyrirtækja skal eigi síðar en fyrir árslok 2022 færa 26,3 milljarða kr. úr innstæðudeild sjóðsins í skilaskjóð.

II. KAFLI

Breyting á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999.

10. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið með lögum þessum er að veita innstæðueigendum og viðskiptavinum fjármála-fyrirtækja lágmarksvernd vegna greiðsluerfiðleika fjármálafyrirtækja í samræmi við ákvæði laga þessara og laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. másl. orðast svo: Með framkvæmd laga þessara fer sérstök stofnun er nefnist Tryggingarsjóður vegna fjármálafyrirtækja, hér eftir nefndur sjóðurinn.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Framkvæmdaraðili*.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. 1. másl. orðast svo: Viðskiptabankar, sparisjóðir, verðbréfafyrirtæki og, ef við á, lána-fyrirtæki, rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstraraðilar sérhæfðra sjóða skulu eiga aðild að innstæðu- og/eða verðbréfadeild sjóðsins, enda hafi þeir staðfestu hér á landi.
- b. Tilvísunin „sbr. ákvæði 6. og 7. gr.“ í 3. másl. fellur brott.
- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Um fyrirkomulag skilasjóðs fer eftir lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja nema annað leiði af lögum þessum.
- d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Fyrirkomulag sjóðsins*.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „sex“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: fjórum.
- b. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu frá Samtökum fjármálafyrirtækja, einn samkvæmt tilnefningu frá Seðlabanka Íslands og tveir af ráðherra án tilnefningar.
- c. 3. másl. 1. mgr. fellur brott.
- d. Við 1. mgr. bætast tveir nýir máslíðir, svohljóðandi: Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Falli atkvæði stjórnarmanna jafnt ræður atkvæði formanns úrslitum.
- e. Í stað orðanna „viðskiptabanka og sparisjóði“ í 4. mgr. kemur: skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.
- f. Í stað 5. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Stjórn sjóðsins skal árlega, eða oftár ef ástæða þykir til, gera ráðherra skriflega grein fyrir afstöðu sinni til þess hvort innheimta þurfi iðgjöld í innstæðudeild sjóðsins.
Stjórn setur sjóðnum samþykktir sem háðar skulu samþykki ráðherra að fenginni umsögn Seðlabankans. Nánar skal kveðið á um verkefni stjórnar sjóðsins í samþykktum hans.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. 3. og 4. másl. 1. mgr. falla brott.
- b. 2., 3. og 4. másl. 2. mgr. falla brott.
- c. 3. mgr. fellur brott

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. a laganna:

- a. 1. másl. orðast svo: Sjóðurinn starfar í þremur sjálfstæðum deildum: innstæðueild, verðbréfadeild og skilasjóði.
- b. 2. og 3. másl. falla brott.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Deildir sjóðsins*.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. b laganna:

- a. Á undan 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Innstæðueild skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tiltækum fjármunum sem nema að lágmarki 0,8% af tryggðum innstæðum allra lánastofnana sem hafa starfsleyfi hér á landi.
- b. Í stað orðsins „A-deildar“ í 1. mgr. kemur: innstæðueildar.
- c. Í stað orðsins „A-deild“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: innstæðueild.
- d. Í stað hlutfallstalnanna „0,02%“, „0,16%“, „0,005% og „0,04%“ í 3. mgr. kemur, í hverju tilviki: 0%.
- e. Í stað orðanna „Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta“ í 6. og 11. mgr. kemur: Tryggingarsjóðs vegna fjármálafyrirtækja.
- f. Lokamálsgrein fellur brott.
- g. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Innstæðueild*.

17. gr.

6. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Skilasjóður.

Skilasjóður skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tiltækum fjármunum sem nema að lágmarki 1% af tryggðum innstæðum allra lánastofnana sem hafa starfsleyfi hér á landi.

Um greiðslur í skilasjóð fer samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.

18. gr.

8. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „A- eða B-deild“ í 2. og 4. másl. 1. mgr. kemur: innstæðueild.
- b. Við 3. másl. 1. mgr. bætist: eða við skilameðferð lánastofnunar að uppfylltum skilyrðum 82. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020.
- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Skilavald samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja tekur ákvörðun um greiðslur úr skilasjóði. Um framkvæmd greiðslna úr skilasjóði fer samkvæmt fyrirmælum skilavaldsins.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „eignir“ í 3. mgr. kemur: innstæðu- eða verðbréfadeildar.
- b. Í stað orðsins „sjóðnum“ í 1. másl. 4. mgr. kemur: innstæðu- eða verðbréfadeild sjóðsins.
- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Skilavaldið ákvarðar fjárhæð greiðslna úr skilasjóði á grundvelli laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „deilda“ í 1. másl. kemur: innstæðudeildar og verðbréfadeildar.
- b. 3. másl. fellur brott.

22. gr.

12. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „viðskiptabanka, sparisjóða, fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða“ í 1. mgr. kemur: fjármálafyrirtækja.
- b. Í stað orðsins „sjóðnum“ í 1., 2. og 3. mgr. kemur: innstæðudeild og verðbréfadeild sjóðsins.
- c. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Útibú erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi.*

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „á afgreiðslustöðum sínum hafa til reiðu skriflegar upplýsingar um aðild sína að sjóðnum“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: birta á vefsíðum sínum upplýsingar um aðild sína að innstæðu- og verðbréfadeild sjóðsins.
- b. Í stað orðsins „sjóðnum“ í 2. mgr. kemur: innstæðudeild og verðbréfadeild sjóðsins.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Birting upplýsinga.*

25. gr.

Í stað orðsins „sjóðnum“ í 18. gr. laganna kemur: innstæðudeild og verðbréfadeild sjóðsins.

26. gr.

VI. kafli laganna ásamt fyrirsögn fellur brott.

27. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I–V í lögum falla brott.

28. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2.–13. mgr. 5. gr. b laganna skulu innlánsstofnanir ekki greiða iðgjald í innstæðudeild Tryggingarsjóðs vegna fjármálafyrirtækja frá gildistöku laga þessara og þar

til annað verður ákveðið með lögum. Innlánsstofnanir skulu þó eftir sem áður standa sjóðnum skil á upplýsingum um innstæður í því formi sem sjóðurinn ákveður.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal a-liður 6. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2023.

30. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, nr. 99/1999*: Í stað orðanna „Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir“ í 13. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Innstæðudeild Tryggingarsjóðs vegna fjármálafyrirtækja.
2. *Lög um fjarsölu á fjármálaþjónustu, nr. 33/2005*: Í stað orðanna „Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta“ í 2. tölul. 8. gr. laganna kemur: Tryggingarsjóður vegna fjármálafyrirtækja.

Samþykkt á Alþingi 15. júní 2022.